

**47 Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til lögreglu-
9. maí stjórans í Reykjavík um innflutning á svinum.**

Ráðuneytinu hefir borist beiðni frá konsúl Chr. Zimsen um að honum verði leyft að flytja hjer á land 8 svin frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25 frá 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1) Að svinunum fylgi vottorð frá dýralækni í Danmörku, um að þau hafi verið heilbrigð er þau voru flutt á skip.

2) Að þau verði við komu þeirra hingað athuguð af dýralækni og að hann finni ekkert við heilbrigði þeirra að athuga.

3. Að innflyjandi skuldbindi sig til að flytja þau strax í vagni á afvikinn stað, og láti þau ekki fara þaðan nema til slátrunar, og sje þeim þá ekið í vagni til slátrunarhússins.

Þetta er yður, herra lögreglustjóri, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

**48 Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til lögreglu-
16. júní stjórans í Reykjavík um innflutning á svinum.**

Ráðuneytinu hefir borist beiðni frá Carl Olsen kaupmanni hjer í bænum um að honum verði leyft að flytja hjer í land 9 svin frá Danmörku.

Með því að dýralæknir hjer er ekki heima, geta svinin ekki orðið skoðuð þegar í stað af honum, en hann hefir skoðað þau í Kaupmannahöfn áður en þau fóru af stað þaðan og ekkert fundið við heilbrigði þeirra að athuga. Vill því ráðuneytið samkvæmt tillögum hans og að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 56, 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9 júlí 1909, veita leyfi til þessa innflutnings með eftirfarandi skilyrðum:

1) Að svinunum fylgi vottorð frá dýralækni í Danmörku um að þau hafi verið heilbrigð er þau voru flutt á skip.

2) Að innflytjandi skuldbindi sig til að flytja þau strax í vagni á afvikinn stað, þar sem þau verði örugglega geymd þangað til dýralæknir kemur heim, án þess að þau hafi samgang við nokkrar aðrar skepnur, þannig að hann geti þá athugað þau, og verði þau ekki látin fara þaðan nema til slátrunar og sje þeim þá ekið í vagni til slátrunarhússins.

Þetta er yður, herra lögleglustjóri, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.